

Framkvæmdaleyfi / Vestfjarðavegar

Umsögn Umhverfis- og náttúruverndanefndar

Umhverfis- og náttúrvendarnefnd Reykhólahrepps hefur tekið fyrir umsagnabeiðni vegna draga að framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðaveg um Gufudalssveit.

Nefndin telur að samgöngubætur um sunnanverða Vestfirði verði ekki að veruleika nema að til komi skerðing á verndarsvæðum. Hins vegar telur nefndin brýna nauðsyn bera til að ráðast í samgöngubætur á svæðinu. Hún telur skilmála sem fram koma í framkvæmdaleyfinu ásættanlega þrátt fyrir rask á umhverfi. Fram kemur í nýlega samþykkri aðalskipulagsbreytingu, sem framkvædarleyfisumsóknin byggir á, að dregið hefur verið úr raski á umhverfinu eins og kostur er. Nefndin tekur undir ábendingar Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnda sem bókaði eftirfarandi um málið.

- a) Gætt verði að því að þangsvæði skerðist sem minnst og takmarkað verði sem verða má rask vegna framkvæmdana.*
- b) Komið verði fyrir ídráttarlögnum í brýr á svæðinu og að heimilt verði að leggja raf- og fjarskiptastrengi í veghelgunarsvæði.*
- c) Hraðað verði samningum við alla landeigendur eins og kostur er vegna uppkaupa á landi vegna framkvæmdanna.*
- d) Að bætt verði inn í greinargerð varðandi bundið slitlag, að það gildi einnig um Djúpadal.*
- e) Teikningar og hönnun á brúum liggi fyrir sem fyrst.*
- f) Athugað verði með breytta áfangaskiptingu verksins.*

Þá leggur nefndin áherslu á að vel verði fylgst með því að framkvæmdin verði í samræmi við þá skilmála sem settir hafa verið fram í skipulagi og framkvæmdaleyfi.

Reykhólum 25. janúar 2020

f.h Umhverfis- og náttúruverndarnefndar

---

Embla Dögg Backman Jóhannsdóttir